

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Fjármögnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn

Lagt er til að breyting verði gerð á fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2023 vegna reksturs neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karla sem dvalið hafa í langan tíma í neyðarskýlum borgarinnar. Tilfærsla fjárheimilda verður á milli þjónustupáttanna. Áætlunin gerir ráð fyrir 155 m.kr. á ári og mun fjárheimildin taka mið af fjölda mánaða í rekstri.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs 5. október 2022 var kostnaðarmetin tillaga um stofnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karla lögð fram og vísaði velferðarráð henni til fjárhagsáætlunargerðar. Ekki fékkst aukin fjárheimild fyrir rekstrinum og er því lagt til að breytingar verði gerðar á áætlun ársins 2023 með það að markmiði að fjármagna neyðarhúsnæðið.

Lagt er til að færðar verði fjárheimildir á milli þjónustupáttanna. Fjárheimild frá öllum miðstöðvum, miðlægrri skrifstofu og rafrænni miðstöð verði einnig færðar. Hagræðing verði á samningum, búnaðarpottur lagður af og tilfærsla fjárheimilda í búsetuþjónustu.

Þjónustupáttur	Fjárhæð
Rafræn þjónusta (VÞ095)	1.500
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf (VÞ011)	27.500
Samningar og styrkir (VÞ032)	35.000
Önnur gjöld (VÞ140)	35.000
Búsetuþjónusta (VÞ034)	56.000
	155.000

Heildarfjárheimild sem færð verður á árinu 2023 miðar við fjölda mánaða í rekstri. Gert er ráð fyrir að endurskoðuð aðgerðaráætlun vegna þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir verði uppfærð í fimm ára áætlun velferðarsviðs fyrir árin 2024-2028.